



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, mánudagur, 11. janúar 2021
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 17. desember 2020, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa styður almennt efni frumvarpsins og að stofnun Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (hér eftir GEV) fari með eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga og annarra þeirra laga sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að frumvarp þetta er hluti af stærri kerfisbreytingum í þjónustukerfi barna. Í félagsmálaráðuneytinu er unnið að breytingum á barnaverndarlögum og mikilvægi þess að þær breytingar, sem nauðsynlegt er að gera á skipulagi barnaverndarmála til að efla og bæta vinnslu þeirra mála, ekki síst er varðar fyrirkomulag mála hjá sveitarfélögum, taki gildi samhliða þeim breytingum sem gerðar eru á fyrirkomulagi mála hjá ríkinu.

Barnaverndarstofa fagnar því sérstaklega að með IV. kafla frumvarpsins eru settar fram tillögur að viðurlagaheimildum sem skort hefur í núgildandi regluverk um barnavernd, sem er veruleg breyting frá þeim heimildum sem Barnaverndarstofa hefur í núgildandi lögum er varðar eftirlit með vinnslu mála barnaverndarnefnda sveitarfélaga.

Barnaverndarstofa bendir á mikilvægi þess að ef frumvarpið verður að lögum þá verði starfsemi GEV styrkt verulega. Mikilvægt er að GEV hafi annars vegar nægt starfsfólk til að geta sinnt þeim umfangsmiklu verkefnum sem stofnuninni eru falin í frumvarpinu. Hins vegar er mikilvægt að tryggt sé að hjá stofnuninni starfi sérfræðingar með yfirgripsmikla þekkingu á stjórnslurétti og stjórnslueftirliti.

Að öðru leyti vill Barnaverndarstofa vísa til umsagna sem veittar hafa verið vegna annars vegar frumvarps um Barna- og fjölskyldustofu (sbr. 355. mál) og hins vegar frumvarps um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (sbr. 354. mál), sem bæði eru til meðferðar á Alþingi og hjá velferðarnefnd þingsins samhliða frumvarpi þessu. Þær umsagnir lúta enda að breytingum sem heyra undir heildarendurskoðun á þjónustu í þágu farsældar barna og tengjast því frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.



Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu